

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 206/2017

2019/EES/68/14

frá 27. október 2017

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð ráðsins (ESB) 2017/997 frá 8. júní 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/ESB að því er varðar hættuflokkinn HP 14 „visteitraður“⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32ff (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32017 R 0997:** Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/997 frá 8. júní 2017 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/997, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 14.6.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.